

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, Leirvogstungumelar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 2. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að athafnasvæði við Leirvogstungumela stækkar úr 16 ha í 35 ha til vesturs, norðurs og austurs þar sem áður var opið óbyggt svæði. Göngu- og reiðstígar færast sem stækkuninni nemur til vesturs, norðurs og austurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 2. desember 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. desember 2005